



ALMENNAR STAÐARREGLUR 2017

Eftirfarandi staðarreglur, ásamt viðbótum og breytingum sem birtar verða á hverjum keppnisstað af mótisstjórn, munu gilda í mótum sem haldin eru á vegum Golfsambands Íslands árið 2017, samanber reglugerðir mótanna.

1. Vallarmörk (regla 27-1)

Bolti er út af þegar hann hafnar

- 1) handan girðingar, veggjar eða hvítra hæla sem afmarka völlinn;
- 2) handan hvítrar vallarmarkalínu eða er allur á henni;
- 3) í eða handan skurðar, stígs, stéttar eða byggingar, sem afmarkar völlinn.

2. Vatnstorfætur, þ.m.t. hliðarvatnstorfætur (regla 26)

Vatnstorfætur eru merktar með gulum hælum eða gulum línunum. Hliðarvatnstorfætur eru merktar með rauðum hælum eða rauðum línunum. Séu bæði stikur og línur notaðar til að merkja vatnstorfætur, auðkenna stikurnar torfæruna en línurnar skilgreina mörk hennar. Þegar mörk vatnstorfæru eru skilgreind með línu á jörðinni er línun sjálf innan hennar.

Sé vatnstorfæra eða hliðarvatnstorfæra einungis merkt á einni hlið teljast mörk hennar framlengjast óendanlega.

Ef vatnstorfæra eða hliðarvatnstorfæra nær að vallarmörkum afmarkast torfæran af vallarmarkalínunni.

3. Grund í aðgerð (regla 25-1)

- a) Svæði merkt með bláum línunum eða bláum hælum.
- b) Bláir hælur með hvítum toppi marka grund í aðgerð þaðan sem leikur er bannaður.
- c) Hvert það skemmda svæði sem mótisstjórn eða tilnefndur fulltrúi hennar metur svo.

4. Samskeyti skorinna grasþakna

Samskeyti og jaðrar skorinna grasþakna á leið (en ekki þökurnar sjálfar) teljast grund í aðgerð. Truflun vegna samskeytanna og jaðrana á stöðu leikmannsins telst þó ekki, sem slík, truflun samkvæmt reglu 25-1. Liggja boltinn í eða snerti samskeytin eða jaðrana, eða þau trufla fyrirhugað sveiflusvið, fæst lausn samkvæmt reglu 25-1. Öll samskeyti og jaðrar innan svæðis skorinna grasþakna teljast hluti sömu samskeytanna..

5. Óhreyfanlegar hindranir (regla 24-2)

- a) Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á leið.
- b) Fjarlægðarmarkingar.
- c) Ruslafötur, safnkassar og kúlupvottastandar.

6. Óhreyfanlegar hindranir nærri flöt

Lausn vegna truflunar af óhreyfanlegri hindrun er leyfð samkvæmt reglu 24-2. Liggja boltinn þar að auki utan flatar, en ekki í torfæru, og óhreyfanleg hindrun er á eða innan tveggja kyfulengda frá flötinni, innan tveggja kyfulengda frá boltanum, og trufla leiklínu milli boltans og holunnar, má leikmaðurinn fá lausn þannig:

Boltanum verður að lyfta og láta hann falla á næsta stað við þann sem hann lá á, og er (a) ekki nær holu, (b) laus við truflunina, og (c) ekki í torfæru eða á flöt. Boltann má hreinsa þegar honum er þannig lyft.

Lausn samkvæmt þessari staðarreglu er einnig leyfð ef bolti leikmannsins liggur á flötinni og óhreyfanleg hindrun innan tveggja kyfulengda frá flötinni truflar þúttlínu hans. Leikmanninum er heimil lausn, þannig:

Boltanum verður að lyfta og leggja hann á næsta stað við þann sem hann lá á, og er (a) ekki nær holu, (b) laus við truflunina, og (c) ekki í torfæru. Boltann má hreinsa þegar honum er þannig lyft.

7. Steinar í glompum

Steinar í glompum eru hreyfanlegar hindranir (regla 24-1 gildir).

8. Tímabundnar óhreyfanlegar hindranir

- a) Sýnishorn af staðarreglu í Golfreglubókinni, ásamt hugsanlegum viðbótum eða breytingum sem birtar verða á mótisstað, munu gilda – sjá blaðsíðu 147-150.
- b) Ef fallreitir er innan 10 metra frá tímabundinni óhreyfanlegri hindrun má láta bolta falla vítalaut í nálægasta fallreit, auk þeirra lausna sem staðarreglan gefur kost á, ef tímabundna óhreyfanlega hindrunin truflar legu boltans, stöðu leikmannsins eða sveiflusvið hans.
- c) Þar sem tímabundnar óhreyfanlegar hindranir eru staðsettar svo nærri hver annarri að minna en 5 metra bil er á milli þeirra teljast hindranirnar ein tímabundin óhreyfanleg hindrun. Lausn er þá veitt frá samstæðunni í heild sinni.
- d) Liggja bolti leikmanns svo nærri tímabundinni óhreyfanlegri hindrun að hún truflar legu boltans, stöðu leikmannsins eða fyrirhugað sveiflusvið hefur leikmaðurinn val um hvort hann tekur lausn skv. reglu 24-2b eða skv. staðarreglu um lausn frá tímabundnum óhreyfanlegum hindrunum.

9. Tímabundnar raflínur og kaplar

Sýnishorn af staðarreglu í Golfreglubókinni er í gildi – sjá blaðsíðu 150-151.

10. Fjarlægðarmælar

Leikmaður má afla sér upplýsinga um fjarlægð með því að nota fjarlægðarmæli. Ef, á meðan fyrirskipuð umferð er leikin, leikmaður notar fjarlægðarmæli til að mæla eða meta aðrar aðstæður sem gætu haft áhrif á leik hans (s.s. hæðarmun, vindhraða o.s.frv.) er leikmaðurinn brotlegur við reglu 14-3.

11. Bolti hreyfist af slysi á flöt

Reglum 18-2, 18-3 og 20-1 er breytt sem hér segir:

Þegar bolti leikmanns liggur á flöt er það vítalaut ef boltinn eða boltamerkið er hreyft af slysi af leikmanninum, samherja hans, mótherja, kyfubera annars þeirra eða útbúnaði.

Boltann eða boltamerkið verður að leggja aftur eins og tilgreint er í reglum 18-2, 18-3 og 20-1.

Þessi staðarregla á aðeins við þegar bolti eða boltamerki leikmanns liggur á flötinni og hreyfing verður af slysi.

Ath.: Ef úrskurðað er að bolti leikmanns á flötinni hafi hreyft vegna vinds, vatns eða annarra náttúrulegra orsaka, s.s. þyngdarafis, skal leika boltanum þar sem hann stöðvast. Hreyfist boltamerki af þessum orsökum er það lagt aftur á fyrri stað.

VÍTI FYRIR BROT Á STAÐARREGLU:

Holuþessi – Holuþap.

Höggleikur – Tvö högg.